



Veturinn hefur svo sannarlega látið kveða að sér undanfarna vikur. Vegir hafa ýmist verið lokaðir vegna veðurs og mikill snjóþungi hefur verið í helstu þéttbýlistöðum. En með kaldri tíð fylgir oft ákveðin fegurð, eins og sjá má á þessari fallegu loftmynd af snæviþakktri Selfosbyggð. Mynd: Heimir Hoffritz.

Nýr upplýsingavefur um verkefnið Stafrænt Suðurland

Nú hefur verið opnaður upplýsingavefur um verkefnið Stafrænt Suðurland sem finna má á slóðinni www.stafrantsudurland.is.

Vefurinn hefur að geyma upplýsingar um framgang verkefnisins, sem og nýtsamlegar upplýsingar um ýmiss málafni sem tengjast stafrænni vegferð.

Allir áhugasamir um verkefnið og stafræna þróun eru hvattir til að kíkja á



vefinn, og sömuleiðis að senda ábendingar um efni sem það langar að fræðast um og á heima á vef sem þessum.

Árni Þór ráðinn í Víkurprestakalli

Árni Þór Þórsson hefur verið ráðinn til starfa í Víkurprestakalli. Auglýst var eftir sóknarpresti til þjónustu í Víkurprestakalli, Suðurprófastsdæmi, og rann umsóknarfrestur út hinn 24. janúar sl. Valnefnd kaus Árna Þór Þórsson og hefur biskup Íslands, sr. Agnes M. Sigurðardóttir, staðfest ráðningu hans.

Árni Þór Þórsson er fæddur í Reykjavík og ólst upp í Grafarvogi. Árni Þór hóf nám við guðfræði- og

trúarbragðafræðideild haustið 2015 og lauk þar B.A.-prófi í guðfræði í febrúar 2019. Þar næst lauk hann mag. theol.- prófi frá guðfræði- og trúarbragðafræðideild í febrúar 2021.

Við óskum Víkurprestakalli til hamingju með nýjan prest og Árna Þór óskum við alls góðs í starfi.



Fáðu fagmann í verkið

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is





Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Við sendum hjartans þakki fyrir fallegar kveðjur og hlýhug við fráfall og útför okkar elskaða,

HJALTA ÁRNASONAR
bónda í Galtafelli



Hans er sárt saknað.

Guðrún Hermannsdóttir
Guðmundur Hjaltason Valborg Tryggvadóttir
Árni Hjaltason Dúna Rut Karlsdóttir
Inga Jóna Hjaltadóttir Borgþór Vignisson
 afabörn, langafabörn og aðrir ástvinir.



Auglýsing vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu

Laugardaginn 19. febrúar nk. fara fram kosningar um sameiningu nokkurra sveitarfélaga. Sveitarfélögin eru: Blönduósþær og Húnavatnshreppur, Snæfellsþær og Eyja- og Miklaholtshreppur, Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla stendur yfir hjá sýslumönnum. Nánari upplýsingar um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar er að finna á vefsíðu sýslumanna, www.syslumenn.is.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi



Ertu að leita að vinnu á Suðurlandi?

Ný störf auglýst í hverri viku!

Kæru vinir og íbúar í Árborg



Ég hef ákveðið að gefa kost á mér í 3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Árborg sem fer fram 19. mars næstkomandi. Í samfélagi er mikilvægt að sem fjölbreyttustu raddir heyrast og vil ég vera fulltrúi ungs fólks í bæjarstjórn.

Ég er fæddur og uppalinn Selfyssingur og verð 24 ára í vikunni. Eftir að ég útskrifaðist

úr FSu hef ég starfað með börnum og unglingum í félagsmiðstöðinni Zelsíuz og í Vallaskóla. Það er forréttindi að vinna með ungu fólki og það vil ég gera til framtíðar. Þess vegna er ég í kennaranámi og er að klára mitt þriðja ár í Háskóla Íslands.

Ástæðan fyrir því að ég býð mig fram er að ég vil leggja mitt að mörkum til að gera það samfélag sem ég vil búa í en betra til framtíðar. Byggja þarf upp innviði án þess að skuldsetja komandi kynslóðir, fjárhagsstaða sveitarfélagsins er orðinn grafalvarleg og stefnir skuldaviðmið upp í 180%.

Á komandi kjörtímabili þarf að rétta úr kútnum fjárhagslega og greiða niður skuldir. Ásamt því þurfum við að ná í skottið á okkur í innviða uppbyggingu og vera með klárt skólapláss fyrir

börn og ungmenni í varanlegu húsnæði til framtíðar. Þá þarf að halda áfram að gæta þess að nóg sé af heitu vatni og byggja nýja kennslulaug fyrir skólasund. Einnig þarf að hefja framkvæmdir við skólphreinsistöð og gæta þess að skólpið renni ekki ósnert út í náttúruna.

Áherslur mínar munu vera á barnvænt samfélag, þar sem öll börn og ungmenni geti náð markmiðum sínum og draumum. Í barnvænu samfélagi þar sem allir geta blómstrað og fjölskyldur verða hafðar í fyrirrúmi.

Kæru vinir ég vona að ég geti treyst á ykkur 19. mars, því þið munuð geta treyst á mig. Því óska ég eftir stuðningi ykkar í 3. sæti í komandi prófkjöri.

Kveðja Sveinn Ægir

Er fjárhagsstaða Sv. Árborgar bág?



kennd í stjórnmalaskóla Sjálfstæðisflokksins.

Raunveruleg fjárhagsstaða Sv. Árborgar

Skuldahlutfall sveitarfélaga er einn af þeim megin mælikvörðum sem litið er til þegar fjallað er um það hvernig sveitarfélög standa fjárhagslega. Skuldahlutfallið segir til um hvert hlutfall skulda er á móti tekjum sveitarfélags á hverju rekstrarári fyrir sig. Skuldahlutfall A og B hluta stofnana Sv. Árborgar hefur frá því árið 2010 til ársins 2020 hæst farið í 255%.

Á núverandi kjörtímabili hefur skuldahlutfallið hæst farið í 156% á árinu 2020 og þá einungis hækkað hlutfallslega um 6% frá árinu 2018 (147%), þrátt fyrir fordæmalausa fjárfestingu í uppbyggingu innviða til að bregðast við örri íbúafjölgun og þeirri fjárfestingaskuld sem hafði safnast upp á undan í tíð D-lista Sjálfstæðisflokksins í Sv. Árborg.


Samkvæmt fjárhagsáætlun

áranna 2022-2025 sem samþykkt var í bæjarstjórn í desember síðastliðnum að þá má búast við því að skuldahlutfallið muni hæst fara í um 180% árið 2023 líkt og var árið 2014 og svo síga niður á við þegar jafnvægi hefur náðst í innviðauppbyggingunni og verða um 150% árið 2025.

Málefnaleg umræða er af hinu góða um fjárhag sveitarfélagsins, enda meiri eftirspurn eftir henni hjá skynsömu fólki en sögufölsunum, slúðri og dylgjum. Að því sögðu, fjárhagsstaða Sv. Árborgar er langt í frá að vera bág ef miðað er við fjárhagsstöðu þess undanfarinn áratug eða svo, en það má klárlega gera betur til framtíðar eins og gildir um allan annan rekstur, hvort sem er í einka- eða opinbera geiranum.

Tómas Ellert Tómasson, bæjarfulltrúi M-listans í Sv.

Árborg, varaformaður bæjarráðs og formaður Eigna- og veitunefndar.





Við erum sérfræðingar í prentun bóka, almennu prentverki og framleiðslu umbúða. Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.

Láttu sérfræðinga okkar aðstoða við að finna bestu, hagkvæmstu og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.



Vertu hjartanlega velkomin



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar



Stimplar

Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944
selfoss@prentmetoddi.is



Heilsustofnun er ein stærsta endurhæfingastofnun landsins og veitir árlega 1350 einstaklingum endurhæfingarpjónustu skv. samningi við Sjúkratryggingar Íslands. Á Heilsustofnun fer fram einstaklingsmiðuð lækisfræðileg endurhæfing sem stjórnað er af þverfaglegum teyðum. Áhersla er lögð á að efla líkamlega, andlega og félagslega færni einstaklinga, auka lífsgæði og styrkja þá til athafna daglegs lífs. Helstu meðferðarsvið eru verkjameðferð, meðferð vegna streitu og kulnunar, offitumeðferð, geðendurhæfing, hjartaendurhæfing, öldrunarendurhæfing og endurhæfing eftir alvarleg veikindi, aðgerðir eða slys.



LAUS STÖRF Í SUMAR HJÁ HEILSUSTOFNUN Í HVERAGERÐI

Sjúkrabjálfi

Starfið er fjölbreytt, auk hefðbundinnar sjúkrabjálfunar felur það í sér kennslu í hóptímum, fræðslu, göngur og þátttöku í þverfaglegu teymisstarfi.

Íþróttakennari

Starfið felst í einstaklingsþjálfun og kennslu í hóptímum, s.s. vatnsleikfimi og leikfimi. Fræðsla, göngur og þátttöku í þverfaglegu teymisstarfi er einnig hluti af starfinu.

Hjúkrunarfræðingur

Starf hjúkrunarfræðings felur í sér fjölbreytt viðfangsefni hjúkrunar, almenn hjúkrunarstörf og fræðslu í þverfaglegu samstarfi við aðrar heilbrigðisstéttir. Unnið er á þrískiptum vöktum.

Sjúkraliði

Unnin eru almenn sjúkraliðastörf og vinna sjúkraliðar með breiðum hópi skjólstæðinga. Einnig er þátttöku í þverfaglegu teymisstarfi, útgöngur, hóptímar og fræðsla.

Hæfniskröfur:

- Íslenskt starfsleyfi og góð íslenskukunnátta
- Faglegur metnaður og ábyrgð í starfi
- Reynsla af þverfaglegu meðferðarstarfi er kostur

Möguleiki er á húsnæði á staðnum.
Einnig ekur starfsmannarúta til og frá Olís við Rauðavatn í Reykjavík.

Ræsting

Leitað er að starfsfólki sem er jákvætt, þjónustulundað og sjálfstætt í vinnubrögðum.

Eldhús

Óskum eftir að ráða starfsfólk í almenn eldhússtörf.
Vaktir frá 08:00-16:00 og 12:00-20:00.

Sundlaugavörður

Óskum eftir að ráða sundlaugavörð í kvöld- og helgarvaktir í ágúst.
Starfshlutfall er 60%.

Umsóknarfrestur er til 1. apríl.

Nánari upplýsingar veitir:
Aldís Eyjólfsdóttir starfsmannastjóri,
aldis@heilsustofnun.is í síma 4830300.

Nánari upplýsingar um störfina er að finna á:
heilsustofnun.is/heilsustofnun/storf-i-bodi





Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,



Elínar Stefánsdóttir
ljósmóður
Miðfelli 5, Hrunamannahreppi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks LSH fyrir kærleiksríka umönnun og hlýtt viðmót.

Magnús Gunnlaugsson
Viðar Magnússon
Gunnhildur Magnúsdóttir
Gunnlaugur Magnússon
Margrét Magnúsdóttir
Hafðís Magnúsdóttir
Erna Magnúsdóttir
Hrefna Magnúsdóttir
Sælaug Viggósdóttir
Kristinn Sigurðsson
Áslaug Bjarnadóttir
Raad Bestouh
Jan Israelsen
Guðmundur Jónsson
Pröstur Arnarson
barnabörn og barnabarnabörn.



KEYSLA.IS
Sími 820-3880 Ódýr sendibilapjónusta

Óska eftir bílstjóra

upplýsingar á
keysra@keysra.is



Aðalfundur Kvenfélags Selfoss verður haldinn fimmtudaginn 24. febrúar 2022

Í Mörk, sal eldri borgara í Grænumörk kl.19.30
Venjuleg aðalfundarstörf.
Léttur kvöldverður í upphafi fundar. Verð kr. 3000.
Allir hjartanlega velkomnir.
Tilkynna þarf þátttöku fyrir þriðjudaginn 22. febrúar til
Jórunnar í síma 8485049, jhel@isl.is eða
Ingibjargar 6907347 ingjoh@simnet.is

Stjórnin

Innritun í grunnskóla skólaárið 2022–2023



Innritun barna sem eru fædd árið 2016 og eiga að hefja skólagöngu í Sveitarfélaginu Árborg haustið 2022 fer fram á arborg.is/Mín Árborg til 27. febrúar næstkomandi. Einnig er hægt að skrá börnin í mótuneyti á Mín Árborg. Skráning í frístund fer fram á skráningarvefnum <https://fristund.vala.is/umsokn>

Upplýsingar um skólahverfi hvers skóla er að finna á www.arborg.is.

Upplýsingar um innritun er hægt að fá í grunnskólunum og hjá þjónustuveri Árborgar (480-1900).

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri
Stekkjaskóli
Sunnulækjarskóli
Vallaskóli

Mikið um að vera hjá lögreglunni

Í síðustu viku var unnið að leit að Flugvélinni TF ABB og flugmanni ásamt þremur farþegum. Sú vinna bar þann árangur að flugvélinn fannst í Ölfusvatnsvík og skammt frá henni lík þeirra fjögurra sem voru um borð. Lykillinn að því að vélin og síðan lík þeirra sem voru um borð fundust var skönnun sem fór fram með fjölgeislarmæli á Gavia kafbáti frá fyrirtækinu Teledyne og síðan endurstaðsetning þeirra þegar þeim var lyft en þá var notaður fjölgeislarmæli á bát frá Sjótækni ehf. Sá bátur hafði auk kafbátsins verið notaður við leit að flugvélinni. Kafarar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Landhelgisgæslu og Sérsvéitar ríkislögreglustjóra ásamt starfsmönnum Köfunarþjónustunnar ehf sem var með pramma fyrir þá að athafna sig frá sau um að lyfta líkunum frá botni með fjarstýrðum kafbát fyrirtækisins og færa í hendur kafara sem komu þeim fyrir í segli og þau síðan hífð um borð í bát sem flutti í land. Öllum aðgerðum var streymt á skjá í stjórnstöðvarbíl Landsbjargar á vatnsbakkanum en þaðan fór fram formleg stýring aðgerðanna. Þar höfðu rannsóknarlögreglumenn lögreglunnar á Suðurlandi og fulltrúi Rannsóknarnefndar samgönguslysa yfirsýn yfir aðgerðir og skráning

þeirra var framkvæmd þar. Til að aðgerðin gæti gengið þurfti stöðugt að sigla bátum um viki til að varna því að lagnaðarís myndaðist á henni.

Ráðgert hafði verið að kafa alveg niður á botn eftir líkunum og búa þau þar undir flutning þannig að tryggt væri að munir sem þau hefðu meðferðis og hefðu sönnunargildi glötuðust ekki. Við þær aðstæður sem þarna voru þótti það ekki réttlæt看legt og því var gripið til þessa ráðs.

Samstarf allra aðila við þessa aðgerð, sem og leitina alla hefur verið til fyrirmyndar, bæði við þennan einstaka þátt í aðgerðinni sem og frá upphafi leitar. Lögreglustjórinn á Suðurlandi vill nota þetta tækifæri til þess að þakka öllum, sem að komu, þeirra aðkomu, stóra sem smáa. Engin leið er að telja þá alla hér upp, slíkur er fjöldinn.

Óvissa er um framhald aðgerða en nokkuð ljóst að það plan sem þar verður til verður ekki sett í gang fyrr en hlýnar og unnt verður að ganga í verkefnið án utanaðkomandi veðurfarslegra truflana.

Einungis 6 ökomenn voru kærðir fyrir að aka of hratt í liðinni viku. 2 voru kærðir fyrir að nota farsíma án handfrjáls búnaðar og 3 ökomenn reyndust við af-

skipti lögreglu vera að aka þrátt fyrir að hafa verið sviptir ökurétti áður.

Einn ökumaður var stöðvaður vegna gruns um akstur undir áhrifum lyfja og annar fannst sofandi ölvunarsvefn undir stýri í bíl sínum á Suðurlandsvegi skammt frá Rauðalæk. Sá svaf úr sér í fangageymslu og gat litlar skýringar gefið á vegferð sinni þegar af honum rann.

Á laugardag brann jeppabífið til kaldra kola við Höfn og deginum fyrr brann snjóruðningsbífið sem var við vinnu í Kömbum Slys urðu ekki á mönnum.

Í liðinni viku var unnið í nánú samráði við barnavernd Árborgar vegna myndskaiða sem fundust er sýna ofbeldi barna gegn hverju öðru á Selfossi. Vísbindingar eru um að nokkuð sé um að boðað sé til átaka og þau tekin upp og þeim síðan deilt á samfélagsmiðlum eða á netinu á einstökum síðum. Aðilar þeirra mála sem hér komu við sögu fengnir á stöð og rætt við þá ásamt foreldrum þeirra og barnavernd. Viðkomandi hafa ekki náð sakhæfisaldri en það dregur ekki úr alvarleika málsins. Foreldrar eru hvattir til að taka samtál með börnum sínum og gera þeim grein fyrir alvarleika þessa.

Díana Lind Sigurjónsdóttir gefur kost á sér í 3. sæti



skólakennari að mennt, en hún lauk meistaraþráðu í leikskólakennarafræðum frá Háskóla Íslands. Hún starfar sem deildarstjóri í leikskóla á Selfossi.

„Í gegnum starfið mitt hef ég fengið þann heiður að kynnst fullt af dásamlegu fólki, bæði nemendum, foreldrum, samstarfsfólki og öðrum í skólasamfélaginu. Starfið felur í sér náðið samstarf og eru dýrmæt tengsl sem myndast, en í gegnum það hef ég öðlast aukna innsýn inn í líf barnafjölskyldna hér í Árborg. Ég tel það vera mikinn styrk því það skiptir máli að þeir sem sitja í stjórn sveitarfélagsins séu í tengslum við fólkið í samfélaginu, þeirra raddir skipta miklu máli og vil ég vera talsmaður þeirra.

Síðastliðin ár hafa barnafjölskyldur horft til Árborgar sem fjölskylduvænan stað og valið sér búsetu hér til frambúðar.

Hjarta hvers bæjarfélags eru börnin og er það skylda okkar að búa þeim gott líf í sinni heimabyggð, þannig þegar þau vaxa úr grasi og standa á eigin fótum þá er allt til alls hér. Að hér sé samfélag sem gefur einstaklingum tækifæri til þess að blómstra og dafna. Í gegnum tíðina hefur það tíðkast að börn sem búa á landsbyggðinni flytjast á brott til þess að sækja skóla og vinnu í borgina.

En í Árborg eru breyttir tímar. Þessi aukna fjölskyldugun hefur í för með sér aukna uppbyggingu og tækifæri, en það skiptir máli að vandað sé vel til verka og að samfélagið okkar sé byggt upp með heildrænni framtíðarsýn. Í svona hröðum vexti má þó ekki missa sjónar á því að halda innviðum traustum og hlúa að því sem fyrir er. Með því sköpum við öruggt og heilbriggt samfélag fyrir alla, unga sem aldna.“



Útgefandi: Prentmet Oddi,
Eyravegi 25, 800 Selfoss,
sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson,
sími 856 0673, gunnar@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944,
auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi.
Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Visnagátur-höf:
Ármann Dalmanncsson
Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Ég er þar sem áin rann hér áður fyrri.
Um mig bílar eiga að rata.
Ég er Reykjavíkurgata.

Svar við gátu í blaði 2636: Fannst ekki



fastus.is

VATNSVÉLAR, KRANAR OG BRUNNAR FYRIR FYRIRTÆKI OG STOFNANIR

SVALAÐU ÞORSTANUM

COSMETAL®
Drinking water solutions**J Class Top**

Lítill og nett vatns vél

- Kalt vatn
- Sódavatn
- Vatn við stofuhita

**Hi class Top 30**

Einstaklega falleg vatns vél

- Kalt vatn
- Sódavatn
- Vatn við stofuhita

**Vatnsbrunnar**Vandaðir stand-
eða veggbrunnar fyrir
mismunandi rými**Pro Stream krani**

- Hett vatn í t.d. te
- Kalt vatn
- Sódavatn

Nánari upplýsingar veitir sölufólk okkar í síma 580 3900

Síðumúli 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | fastus.is

FASTUS
Veit á vandaða lausnVelkomin í
hópinn

Ert þú að leita að skemmtilegu starfi á líflegum vinnustað? Ísey Skyr Bar og Djúsi by Blackbox, N1 Hvergerði leitar að kraftmiklum og áreiðanlegum vaktstjóra til framtíðarstarfa. Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu.

Helstu verkefni:

- Stjórnun starfsmanna á vakt
- Almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Rík þjónustulund
- Jákvæðni og góð samskiptafærni
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur

Fríðindi í starfi:

- Aðgangur að Velferðarþjónustu N1
- Afsláttarkjör hjá N1, Krónunni og ELKO
- Styrkur til heilsuefingar

Umsóknir óskast útfylltar á **N1.is** undir Laus störf. Nánari upplýsingar veita **Jónína K. Kristinsdóttir** hjá **ninna@n1.is** og **Björn Þórarinn Birgisson**, stöðvarstjóri, hjá **bjornb@n1.is**.



ísey SKYR BAR

djúsi by BLACKBOX

440 1000 n1.is



BÓKASAFN ÁRBORGAR VERÐUR LOKAÐ FÖSTUDAGINN 18. FEBRÚAR

VIÐ BIÐJUMST VELVIRÐINGAR
Á ÞEIM ÓÞÆGINDUM SEM
ÞETTA KANN AÐ VALDA.


MINNUM Á SKILALÚGUNA OG Á
LAUGARDAGSOPNUN FRÁ 10:00 - 14:00

Afgreiðslustarf í sérverslun.

Óskum eftir að ráða til starfa liprann
starfsmann við afgreiðslu í sérverslun á
Selfossi.

**Umsækjendur vinsamlegast hafið
samband með tölvupósti ok@non.is**

PÁSKAR 2022



Kæru félagsmenn FOSS

Miðvikudaginn 16. febrúar verður opnað fyrir
umsóknir á sumarhúsum og íbúðum FOSS/
STAVEY um páskana. Sótt er um rafrænt á
orlofsvefnum þínum á heimasíðu FOSS, www.
foss.bsrb.is. Páskavikan er tímabilið 12. apríl –
19. apríl að báðum dögum meðtöldum.
Verðið fyrir páskavíkuna er 23.500,-

Opið er fyrir umsóknir frá 16. febrúar – 26.
febrúar.

Úthlutað verður 3. mars.

Húsin sem eru í boði:

Skógarsel – Reykjaskógi
Akrasel – Syðri Reykjum
Eiðar hús 16
Munaðarnes hús 13
Munaðarnes hús 15
Akureyri
Reykjavík Klappastígur
Reykjavík Ásholt
Kópavogur Lautarsmári



Orlofsnefnd

Hvernig get ég minnkað ruslið mitt?



hvert og eitt heimili muni greiða
sorphirðugjald eftir því magni
sem frá heimilinu kemur. Þessi
hugmyndafræði kallast „borgað
þegar hent er“ (pay as you
throw) og er markmið hennar að
hvetja heimilin til þess að draga
úr myndun úrgangs.

Sveitarfélögin munu við
þessar breytingar innleiða nýjar
leiðir til gjaltdöku fyrir sorp-
hirðuna sem munu felast í viktun
sorpsins með sérstökum búnaði
á sorphirðubílum eða þannig að
greitt sé eftir rúmmáli sorpsins.

Byrjum strax!

Þar sem ekki er langt í þessar
breytingar þá er kjörið að byrja
strax á því mikilvæga verk-
efni að draga sem mest úr því
sorpi sem frá heimilinu kemur.
En hvað get ég gert til þess að
minnka ruslið mitt?

Besta leiðin til að minnka
ruslið er að draga úr óþarfa
neyslu. Mikilvægast er að
muna það að allt sem ég dreg
inn á heimili mitt þarf ég á ein-
hverjum tímapunkti að losa mig
við. Því er heillavænlegast að
velja þá hluti sem keyptir eru
af kostgæfni og velja því virki-
lega fyrir sér hversu mikil not ég
hafi fyrir varninginn. Á ég eitt-
hvað nú þegar sem ég get notað
í staðinn? Gæti ég fengið hlutinn
lánaðan eða leigðan einhvers
staðar? Get ég gert við það sem
ég á í stað þess að kaupa nýtt?
Get ég fært blaðaáskriftina mína

úr pappír yfir á rafrænt form?

Það gildir líka að vera vel
meðvitaður þegar kemur að
matarinnkaupum heimilisins.
Góð skipulagning matarinn-
kaupa eins og t.d. að gera inn-
kaupalista, fara ekki svangur í
búðina og að gera matseðil fyrir
1-2 vikur í senn getur komið
í veg fyrir matarsóun. Hugum
líka að því í hvernig umbúðum
matvælin eru sem við kaupum.
Get ég t.d. valið sambærilega
vöru í minni eða umhverfis-
vænni umbúðum? Margar versl-
anir bjóða orðið upp á að við-
skiptavinir skilji eftir umbúðir
í búðinni eins og t.d. kassa utan
af spónamat og fleiru sem getur
minnkað magnið sem við setjum
í bláu tunnuna.

Það er líka mikilvægt að
muna að glerlát, allur textíll
(líka götöttir sokkar og nær-
buxur!), lyfjaumbúðir, ljósa-
perur, spilliefni, rafmagnstæki
og fleira má alls ekki fara í sorp-
tunnur við heimilin. Þessu ber
öllu að skila í þar til gerðar mót-
tökustöðvar.

Við berum öll ábyrgð þegar
kemur að sorplosun. Með því
að minnka sorpið við heimilin
getum við dregið úr kostnaði
við sorphirðu og spornað gegn
áhrifum loftslagsbreytinga.

Arna Ír Gunnarsdóttir,
bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar
og stjórnarkona í Sorpstöð
Suðurlands.

Það á að vera gott að eldast í Árborg



„Við sem samfélag eigum
að halda vel utan um
málefni eldri borgara og auka
möguleika til heilsuefningar og
þjónustu í nærsamfélaginu.“

Með auknum lífsgæðum
undanfarna áratugi eigum við
raunhæfari möguleika á að
halda betri heilsu þegar við
eldumst. Ég tel mikilvægt
að sveitarfélagið veiti góða
þjónustu fyrir þennan aldurs-

hóp og sé í samstarfi við félög
eldri borgara til að sú þjónusta
sé markviss og skilvirk. Ein af
lykiláherslunum eru góðar for-
varnir sem bæta bæði líkam-
lega og andlega heilsu. Það
gefur okkur öllum aukin þrótt,
möguleika til að búa sem lengst
á eigin heimili og vera virkari í
samfélaginu. Góðar forvarnar-
aðgerðir á öllum aldurs skeiðum
geta skilað mikilli efnahags-
legri hagræðingu til framtíðar.

Hér í Sveitarfélaginu Árborg
hef ég ásamt samstarfsfólki
fengið að kynna og koma að
því frábæra starfi sem er í gangi
hjá félögum eldri borgara sem
og að vinna að aukinni heilsu-
eflingu fyrir aldurshópinn 60
ára og eldri. Tveir hópar eru
nú í heilsuefningu á Selfossi
og einn á Eyrarbakka og hefur
þetta starf farið mjög vel af
stað í vetur. Félög eldri borgara
í Árborg hafa um leið, þrátt
fyrir heimsfaraldur, staðið fyrir
öflugu félagsstarfi sem mikil-
vægt er að styðja við áfram svo
það geti vaxið enn frekar núna

þegar slakar á sóttvarnatak-
mörkunum.

Þetta eru meðal þeirra verk-
efna sem við eigum að efla enn
frekar ásamt því að bæta inn
aukinni fræðslu og efla aðra
þætti í sveitarfélaginu líkt og
göngustíga, útivistarsvæði og
æfingataki utandyra sem nýfast
bæði eldri borgurum og öðrum
íbúum með það að markmiði að
fleiri geti tekið þátt í góðu sam-
félagi.

Viltu ræða málin frekar?

Þar sem stutt er í prófkjörið
laugardaginn 19. mars nk. vil
ég nýta tímann vel og reyna að
hitta sem flest fyrirtæki og íbúa.
Það er því velkomið að senda
erindi á bragibjarna1@gmail.
com og óska eftir heimsókn til
að spjalla um samfélagið okkar
og hvernig við getum í samein-
ingu gert það enn betra.

Bragi Bjarnason
Frambjóðandi í 1. sæti í
prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í
Sveitarfélaginu Árborg

Tillaga að breytingu á starfsleyfi Arnarlax ehf.

Umhverfisstofnun hefur unnið tillögu að breytingu á starfsleyfi Arnarlax ehf. að Laxabraut 5 í Þorlákshöfn.

Um er að ræða landeldi og snýr breytingin á leyfinu að tegundabreytingu og umfangsbreytingu. Heimildir í núverandi leyfi gera ráð fyrir bleikjueldi með framleiðslu allt að 1.200 tonna á ári. Breytingin felur í sér heimild til að ala lax og að hámarks lífmassi eldisins fari ekki yfir 900 tonn á hverjum tíma. Breytt leyfi tekur einnig mið af nýjustu leyfum sem gefin eru út til fiskeldis og hefur verið uppfært til samræmis.

Fyrirspurn var send til Skipulagsstofnunar vegna matsskyldu sem komst að þeirri niðurstöðu að breytingin þyrfti ekki að fara í umhverfismat.

Athugasemdir við starfsleyfið skulu vera skriflegar

og sendar Umhverfisstofnun. Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 14. mars 2022. Greinargerð mun fylgja starfsleyfi við útgáfu sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018.



Prófkjör

Auglýst er eftir framboðum til prófkjörs Sjálfstæðisflokksins í Árborg fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.

Prófkjörið fer fram laugardaginn 19.mars

Framboðsfrestur er til kl. 16:00 þann 1. mars 2022.

Nánari upplýsingar má finna á xd.is

ÚTBOÐ

Sveitarfélagið Ölfus óskar eftir tilboðum í : „Malbiksyfirlagnir_malbik í Ölfusi 2022 “

Verkið felur í sér malbiksyfirlagnir í Þorlákshöfn og Gljúfurbyggð. Fræsa skal samskeyti þar sem nýtt malbik kemur að eldra malbiki. Hækka skal niðurfallsristar, brunnlok og spindilhús eftir því sem við á. Eftir að gert hefur verið við stakar malbiksskemmdir skal leggja malbiksyfirlag á göturnar. Miðað er við að hjólfarafylla og fylla í smærri malbiksskemmdir s.s. steinlos og minniháttar sig í einni yfirlögn. Límbera skal á allt eldra malbik sem lagt verður yfir. Að auki er um að ræða nýmalbikun á göngustíg við Ölfusveg og bílastæði við Skálholtsbraut.

Helstu magntölur fyrir árið 2022 eru:	
Malbikun yfirlögn (AC16 45 mm þykkt)	2735 m ²
Malbikun yfirlögn (AC16 40 mm þykkt)	12274 m ²
Malbik efni (yfirlagnir) AC 16	1566 tonn
Fræsun lása	187 m
Viðgerðir á malbiki	250 m ²
Malbikun á stígum, bílastæðum	1581 m ²

Verklok malbiksyfirlagna eru 17. júní 2022, en nýlagna samkvæmt samkomulagi við verkkaupa..

Útboðsgögn verða aðgengileg á vefnum frá hádegi 17. febrúar

Útboðsgögn verða afhent á útboðsvef sem er aðgengilegur hér: <https://olfus.ajoursystem.is/Tender/DirectLink/739da902-a7bf-44ba-acc7-4b59877c2011>

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skráum sem gerð er krafa um. Þjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Þjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Þjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Skilafrestur tilboðs er til kl. 11:00 fimmtudaginn 1. mars 2022.

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Þjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opnunar tilboða verður þjóðendum sent opnunarýfirlit rafrænt.

Sveitarstjórn Ölfuss

NÁMSKEIÐ FYRIR BYGGINGAMENN

Gluggaísetningar og þéttingar

Þetta námskeið er fyrir húsasmiði sem ætla setja glugga í hús og vilja gera það með sem öruggustum hætti. Tilgangur þess er að fræða þátttakendur um helstu aðferðir við gluggaísetningar og hvaða aðferðir hafa reynst best til á Íslandi. Fjallað er gluggagerðir og aðferðir til ísetningu þeirra í mismunandi gerðir húsa. Farið er yfir skilgreiningar á gluggum, CE vottun og kröfur til glugga. Fjallað er ítarlega um þéttingar með gluggum, mismunandi aðferðir og þéttiefni. Námskeiðið byggir á lokaverkefni leiðbeinenda í byggingatæknifræði við HR 2019.

Kennarar:	Bergþór Ingi Sigurðsson byggingatæknifræðingur og Sverrir Jóhannesson byggingatæknifræðingur.
Staðsetning:	Austurvegur 56 Selfossi, 3. hæð.
Tími:	Fimmtudagur 24. febrúar kl. 13.00 – 17.00
Fullt verð:	30.000 kr.
Verð til aðila IDUNNAR:	6.000 kr.

Nánari upplýsingar og skráning á idan.is

24. FEBRÚAR

Íþróttir



Völtuðu yfir Selfyssinga á lokakaflanum

KÖRFUBOLTI Selfyssingar mættu Hetti frá Egilsstöðum í 1. deild karla sl. föstudag. Selfoss hafði harm að hefna eftir að hafa tapað naumlega gegn Hetti í lok janúar. Gestirnir mættu hinsvegar tilbúnir til leiks og endurtóku leikinn með 71-89 sigri.

Höttur byrjuðu leikinn mun betur og voru komnir í stöðuna 6-13 eftir 5 mínútna leik. Þeir heldu Selfyssingum í 4-8 stiga fjarlægð út leikhlutann. Staðan 19-23 eftir 1. leikhlutann. Selfyssingar gáfu hinsvegar ekkert eftir í 2. leikhluta og sóttu vel

á gestina. Þeir komu stöðunni í 33-28 og allt leit út fyrir að leikurinn væri að snúast við, en Hattarmenn stöðust áhlaupið og náðu að leiða með fjórum stigum inn í hálfleikinn.

Gestirnir heldu áfram að verjast vel og sækja á körfuna og voru komnir í 15 stiga forystu þegar 3. leikhluti kláraðist, 55-70. Selfyssingar náðu smátt og smátt að minnka munin í 4. leikhluta og þegar 4 mínútur voru eftir var leikurinn orðinn mjög spennandi, Höttur þá yfir með 3 stigum, 71-74. En nær

komust heimamenn ekki. Höttur valtaði yfir Selfyssinga síðustu 4 mínútur leiksins og uppskárur 71-89 sigur.

Gerald Robinson og Gasper Rojko fóru fyrir liði heima-manna, Gerald með 21 stig og 11 fráköst og Gasper með 17 stig og 10 fráköst. Trevon Evans var með 13 stig, Óli Gunnar Gestsson 8 stig, Austin Bracey 8 stig og Ísar Freyr Jónsson 4 stig.

Með sigri hefðu Selfyssingar geta jafnað Sindra á stigatöflunni í 5. sæti, en verður það að biða betri tíma. -Selfoss karfa

Eva María fjórða á NM

FRJÁLSAR Hin stórefnilega Eva María Baldursdóttir náði þeim frábæra árangri að krækja sér í 4. sæti í hástökki á Norðurlandameistaramótinu í full-orðinsflokki sem fram fór helgina 12.-13. feb. í Svíþjóð. Eva María stökk yfir 1,76 m í fyrstu tilraun og jafnaði þar sinn ársbesta árangur. Eva María sem er aðeins 18 ára gömul var næst-yngst keppendanna í hástökki og því stórkostlegt að ná fjórða sæti. Guðni Valur Guðnason náði einnig 4. sæti í kúluvarpi og voru þau tvö með bestan árangur íslensku keppendanna. Ísland og Danmörk tefldu fram sameiginlegu liði sem hafnaði í 3. sæti í keppninni en Svíþjóð vann kvennakeppnina. -UMFS



Katla (t.v.) og Íris (t.h.) við Selfossmerkið. Mynd: UMFS

Tvíburasysturnar Íris Una og Katla María Þórðardætur til Selfoss

FÓTBOLTI Tvíburasysturnar Íris Una og Katla María Þórðardætur hafa skrifað undir tveggja ára samning við knattspyrnu deild Selfoss.

Þær koma til Selfoss frá Fylki þar sem þær hafa spilað undanfarin tvö keppnistímabil og áður léku systurnar, sem eru frá Sandgerði, með Keflavík í úrvalsdeildinni og 1. deildinni. Báðar hafa þær leikið 45 leiki í efstu deild. Þá hafa þær báðar leikið með yngri landsliðum Íslands undanfarin ár, Katla á 38 landsleiki að baki og Íris 25 landsleiki.

„Íris og Katla eru ungir en þó nokkuð líkreyndir leikmenn sem hafa spilað upp öll yngri landsliðin. Þær eru báðar mjög fastar fyrir og ósérhlífnar. Fyrir utan það eru

þær að mörgu leyti ólíkir leikmenn, Katla er mjög róleg á boltanum og mun hjálpa okkur að vernda boltann miðsvæðis á meðan Íris með mjög góðar spyrnur, bæði með hægri og vinstri sem gefur okkur möguleika á nota hana beggja vegna í varnarlínunni og eiga möguleika á að leita bæði inn í völlinn með bakvarðarspili og út í kantinn,“ segir Björn Sigurbjörnsson, þjálfari kvennaliðs Selfoss.

„Fyrir utan það að vera góðar í fótbolta og styrkja hópinn okkar með fótboltalegum gæðum þá eru þær alveg frábærir karakterar sem munu leggja sig allar í að hjálpa liðinu að stíga þau skref sem við ætlum okkur í ár.“ -UMFS

Efnilegar handboltastelpur á Íslandsmóti



6. flokkur kvenna yngra ár vann Íslandsmót númer þrjú og eru búinn að vinna öll Íslandsmótin í vetur og eru þar með búnar að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn því ekkert lið getur náð þeim að stigum.



6. flokkur kvenna eldra ár sigraði Íslandsmót númer tvö sem haldið var sunnudaginn 6. febrúar í ÍR heimilinu og er þar með búnar að vinna bæði Íslandsmótin í vetur.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Er eitthvað að fréttu?

Hægt er að senda fréttatilkynningar
Dagskrána og DFS.is á dfs@dfs.is.

Dregið í 8-liða úrslit bikarsins

HANDBOLTI Dregið var í 8-liða úrslit Coca Cola-bikars HSÍ á mánudaginn. 16-liða úrslit munu fara fram í vikunni, þar fer meistaraflokkur karla í Breiðholt á miðvikudaginn og leikur við ÍR sem er efsta lið Grill 66 deildarinnar og meistaraflokkur kvenna tekur á móti Olís-deildarliði Hauka á fimmtudagskvöld í Set-höllinni.

Komist liðin okkar í gegnum 16-liða úrslit er því ljóst að



stelpurnar munu mæta Val og strákarnir mæta sigurvegurum í viðureign Kórdregja og ÍBV. 8-liða úrslit munu verða leikin um næstu helgi.

FERMINGAR 2022



Búðu til þitt eigið feringarkort.
Skoðaðu úrvalið á vefnum okkar
honnun.prentmetoddi.is



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar



Stimplar



Lyngháls 1, 110 Rvk ☎ 5 600 600
 Eyraveg 25, 800 Selfoss ☎ 482 1944
 Glerárgata 28, 600 Akureyri ☎ 4 600 700



prentmetoddi.is

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erft með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



Nú getur öll starfsemi hafist,
nema opið hús, þar sem
stóri salurinn er ekki tilbúinn.
Byrjar vonandi fyrsta fimmtu-
dag í mars.

Aðalbjörg Runólfssd. verður
með leiðbeiningar í
handavinnu á mánudögum frá
kl. 13:00- 14:30.

Skrifstofa FEBSEL
verður lokað fimmtudaginn
17. feb. nk.

Heilsuefning 60+ í Selfoss-
höllinni þriðjudaga og fimmtu-
daga kl. 9:30 og 10:30.

Minum á heimasíðu
félagsins og Facebook.

KIRKJUR

Selfosskirkja

Messa sunnudaginn 20. febrúar
kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur,
organisti Edit A. Molnár, prestur
Guðbjörg Arnardóttir. Sunnu-
dagaskóli á sama tíma 20.
febrúar kl. 11:00. Umsjón Sjöfn
Þórarinsdóttir ásamt leiðtogum.
Morgunbænir þriðju-, mið-
viku- og fimmtudaga kl. 9:15.
Kyrrðarstund miðvikudaga kl.
17:00.

Villingaholtskirkja

Messa sunnudaginn 20. febrúar
kl. 13:30. Kirkjukórinn syngur,
organisti Guðmundur Eiríksson,
prestur Guðbjörg Arnardóttir.
Aðalsafnaðarfundur að messu
lokinni.

Hveragerðiskirkja

Messa kl. 11. Sr. Ninna Sif
Svavarsdóttir þjónar. Kirkjukór
Hveragerðis - og Kotstrandar-
sóknar syngur, organisti Miklós
Dalmy. Sunnudagaskóli kl.
12:30, samverustund fyrir alla
fjölskylduna. Umsjón hafa sr.
Ninna Sif og Unnur Birna.

Kotstrandarkirkja

Messa kl. 14. Sr. Ninna Sif
Svavarsdóttir þjónar. Kirkjukór
Hveragerðis - og Kotstrandar-
sóknar syngur, organisti Miklós
Dalmy.

Kálholtsskirkja

Guðspjónusta verður næsta
sunnudag 20. febrúar, kl. 14.00.

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11 fyrir fólk í öllum
sóknunum. Altarísöngur. Almennur
söngur. Sr. Kristján Björnsson,
biskup í Skálholti.

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 19. febrú-
ar. Biblíulexíur kl. 11 í höndum
Kristins Ólafssonar, umfjöllunar-
efnið er Hebraabréfið og guðs-
þjónusta kl. 12, með ræðu hefur
Gavin Anthony. Verið velkomín.

HEILSA

Nudd -
Svæðanudd

Dáleiðsla

Augnlestur og
heilsuráðgjöfEinföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni
Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi verður nk. laugardag á milli
kl. 11 og 12 á Eyravegi 15, Selfossi.
Gestur okkar er Willum Þór Þórsson,
heilbrigðisráðherra. Allir velkomnir.



ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFÖSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

A.O. VERKTAKAR

Nýsmíði, endurbætur
og viðgerðir.

Alhliða
byggingaþjónusta.

Sími 761 8055
aoverkt@gmail.com

VERKNES EHF.

Málrameistarar

Engin verk of lítil

Sími 851 1128 / 695 1543
haraldur1006@gmail.com

Viltu taka þátt í að móta nýja
skólastefnu Rangárþings eystra?

Nú stendur yfir samráðs-
ferli vegna endurskoðunar
skólastefnu sveitarfélagsins
Rangárþings eystra. Íbúafundur
var haldinn, starfsfólk skólanna
hefur rýnt í skólastarfið og stýri-
hópur fundar reglulega og heldur
utan um þau gögn sem verða til.

Nú óskar stýrihópurinn eftir
því að fá álit á núverandi stöðu
og aðstæðum frá foreldrum,
ömmum og öfum, frænkum,
frændum og öðrum þeim íbúum
sem vilja leggja sitt af mörkum.

Mat á fortíð og núverandi
stöðu er grunnurinn að því að sjá
hvað þarf að gera til að ná þeirri
framfararsýn sem sveitarfélagið
hefur sett og er nú í endurskoð-
un. Bilið á milli ríkjandi ástands

og framtíðarsýnar þarf að brúa
og markmið sem eru sett og
verða endurskoðuð til lengri og
skemmri tíma miða að því.

Stöðumatið gerir sveitar-
félaginu kleift að skilgreina
mikilvæg viðfangsefni. Af-
rakstur þess er notaður til að
móta stefnuna, markmiðin og
leiðirnar sem á að færa skóla- og
tómstundastarf nær framtíðar-
sýnni.

Hér er hlekkur á könnunina
sem er nafnlaus: <https://forms.gle/GgghVTgDCM77ocq6>

Takk fyrir að leggja þitt af
mörkum. Það er mikilvægt!

Stýrihópur um
endurskoðun skólastefnu

ATVINNA

Starfsmaður óskast

Hurðalausnir á Selfossi leita
að framtíðarstarfsmanni.

Frekari upplýsingar í
síma 787 8444 (Magnús).

BÍLAR



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti



Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.

Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

Viltu vekja athygli
á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu
tilboð í auglýsingar í
blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



Stafræni háskóladagurinn 26. febrúar

Þann 26.febrúar nk verður þaldinn Stafrænn háskóladagur en fyrirkomulagið er á þann hátt að nemendur, kennarar, náms- og starfsráðgjafar og starfsfólk allra háskóla landsins verða til taks fyrir gesti síðunnar í netspjalli. Áhugasömum gefst þá tækifæri til að kynna sér allt háskólanám sem er í boði á landinu á einum vettvangi, inni á vefsíðunni www.haskoladagurinn.is frá kl.12-15. Á síðunni er jafnframt hægt að leita í öllum námsleiðum sem eru í boði í íslenskum háskólum.

Háskólafélag Suðurlands hvetur alla áhugsama að nýta sér það tækifæri að komast í beint



samband við fulltrúa frá öllum námsleiðum í grunnnámi háskólanna og spyrja um hvaðeina

sem lýtur að drauma náminu sem og eiga samtal um námsleiðirnar og háskóla lífið.

Hesthúsalóðum fjölgað á Rangárbökkum

Á fundi byggðarráðs Rangárbæinga ytra 27. janúar 2022 var úthlutað síðustu lóðunum við Orravelli og Sæluvelli í fyrri hluta á nýju hesthúsa hverfi á Rangárbökkum við Hellu. Þetta eru mikil tíðindi því stutt er síðan að fyrstu lóðirnar voru auglýstar en framkvæmdir standa nú yfir við götur, reiðstíga og veitulagnir á svæðinu.

Verktaki er Pierre Jónsson hjá Nautás ehf. Sveitarstjórn hefur nú ákveðið að hefjast þegar handa við enn frekari stækkun hins nýja hesthúsa hverfis og undirbúa götu til viðbótar í næsta áfanga sem eru Ómsvellir. Þar eru þegar komnar fyrirspurnir um lóðir og reiknað með að hægt verði að auglýsa lóðir til úthlutunar fljótlega.

Rangárbakkar stefna nú í að



Frá upphafi framkvæmda á Rangárbökkum sl. sumar

verða eitt glæsilegasta hesthúsa hverfi landsins með laxánna

Ytri-Rangá á aðra hönd og reiðstíga um Almannaskóga á hina.

LAUS STAÐA PÍPULAGNINGAMANNS VIÐ HEILSUSTOFNUN Í HVERAGERÐI

Staða pípulagningamanns við Heilsustofnun er laus til umsóknar. Starfshlutfall er 100% eða eftir samkomulagi. Vinnutími, 08:00 - 16:00.

Starfið felst í viðhaldi og eftirliti við pípulagnir og sundlaugarkerfi ásamt öðrum tilfallandi verkefnum á stofnuninni.

Menntun í pípulagningum er skilyrði, meistararéttindi eru kostur.

Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður í starfi og þjónustulipur, kostur ef viðkomandi hefur meirapróf og/eða vinnuvélapróf.

Umsóknarfrestur er til 15. mars 2022

Nánari upplýsingar um starfið veitir:

Ólafur Ragnarsson umsjónarmaður fasteigna í síma 860 6520.



Berum ábyrgð á eigin heilsu

www.heilsustofnun.is

Opnir fjölskyldutímar í Vallaskóla

Frjáls íþróttatími þar sem allir ættu að finna hreyfingu/afþreyingu við hæfi. Tímarnir eru opnir öllum, endurgjaldslausir og engin skráning þörf.

Tímarnir eru í íþróttahúsi Vallaskóla frá kl 10-11:30 alla sunnudaga í vetur.

Það verða aðilar á staðnum sem eru til aðstoðar í salnum. Tímarnir henta öllum aldurshópum en ekki er ætlast til þess að börn séu skilin ein eftir í salnum. Hvetjum við alla stóra sem smáa til að mæta og hafa gaman saman.



Kraumar krafturinn í þér? Atvinnumál kvenna auglýsir eftir styrkumsóknum!

Styrkir eru veittir til kvenna með góða viðskiptahugmynd eða til verkefna innan fyrirtækja í meirihlutaeigu konu/kvenna. Verkefnið þarf að fela í sér nýnæmi eða nýsköpun af einhverju tagi og atvinnusköpun.

Umsóknarfrestur er frá 1.febrúar til og með 3.mars og skal sækja um rafrænt á heimasíðunni www.atvinnumalkvenna.is

Að þessu sinni er sérstök áhersla á að hvetja frumkvöðlakonur á landsbyggðinni til að sækja um.

Svanni – lánatryggingasjóður kvenna auglýsir eftir lánsumsóknum!

Svanni veitir lán með lánatryggingum til fyrirtækja í meirihlutaeigu kvenna. Lán eru veitt til starfandi fyrirtækja og til verkefna sem skapa atvinnu og auka verðmæti í fyrirtækjum.

Umsóknarfrestur er til og með 15.mars og skal sótt um rafrænt á heimasíðu sjóðsins, www.atvinnumalkvenna.is

Allar nánari upplýsingar um styrki og lán má finna á heimasíðunni www.atvinnumalkvenna.is

Fylgist með á Facebook: <https://www.facebook.com/atvinnumalkvenna>





Á myndinni er auk Gísla og Páls þeir Sveinn Ægir Birgisson, varabæjarfulltrúi, Kjartan Björnsson, bæjarfulltrúi, Bragi Bjarnason, deildastjóri fristunda- og menningardeildar, Hlynur Geir Hjartarson, framkvæmdastjóri GOS og Bjarki Þór Guðmundsson, faglegur vallarstjóri.

Endurnýjun þjónustusamnings Sveitarfélagsins Árborgar við Golfklúbb Selfoss

Sveitarfélagið Árborg hefur endurnýjað þjónustusamning við Golfklúbb Selfoss vegna umhirðu á grasvöllum í sveitarfélaginu.

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri og Páll Sveinsson,

formaður GOS hafa undirritað þjónustusamning um áframhaldandi samstarf Sv. Árborg og GOS. Samningur kveður á um að GOS sjái um alla umhirðu í kringum æfinga- og keppnisvelli í knattspyrnu í

sveitarfélaginu. Um er að ræða slátt, söndun, áburðagjöf og annað viðhald til að halda völlum í sem besta standi fyrir iðkendur. Samningurinn gildir út árið 2027.

Þjónustusamningur Sv. Árborgar og Hestamannafélagsins Sleipnis endurnýjaður

Sveitarfélagið Árborg hefur endurnýjað þjónustusamning við Hestamannafélagið Sleipni og gildir nýr samningur út árið 2024.

Það voru Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri og Sigríður Magnea Björgvinsdóttir, formaður Sleipnis sem undirrituðu samninginn í nýja félagshest-

húsinu. Samningurinn felur í sér föst verkefni sem hestamannafélagið hefur sinnt undanfarin ár líkt og sumarnámskeið, umsjón með viðrunarhólfum og þátttaka í viðburðum í samfélaginu.

Sú nýjung er í samningnum að sveitarfélagið styrkir nýtt verkefni félagsins sem er félagshesthús. Verkefnið snýst um að

börn hafa núna tækifæri til að kynna hestamennsku án þess að þurfa að eiga til þess einhvern búnað. Geta greitt ákveðið gjald og fengið að læra reiðmennsku og allt sem þarf að hugsa um við umhirðu hestsins. Mjög spennandi verkefni sem hófst í haust og hefur farið vel af stað.



Á myndinni eru auk Gísla og Sigríðar þau G. Linda Björgvinsdóttir, formaður æskulýðsnefndar Sleipnis, Kjartan Björnsson, bæjarfulltrúi og Tómas Ellert Tómasson, formaður eigna- og veitunefndar.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFÖSSÍ - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápavíðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet
heilðarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

D-H BÓKHALD
✓ Bókhaldsþjónusta
✓ Skattskil
✓ Stofnun fyrirtækja
✓ Framtöl og ársreikningar
✓ Fyrirtækjaráðgjöf
Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhhbokhald@gmail.com
s. 6933708

Jiibbiíi
Siggafærdiz
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGDI
Útfaraþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

BRAC AF VINÁTTU!
Fæst hjá BYKO Selfossi

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
534 9600
www.heyirn.is